

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. nóvember 2011

Efni: Umsögn Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um fjársýsluskatt, 193. mál

SVP – Samtök verslunar og þjónustu vísa til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 8. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um fjársýsluskatt, 193. mál.

SVP, en samtökin gæta m.a. hagsmuna fyrir þau fyrirtæki sem stunda váttryggingamiðlun hér á landi, hafa kynnt sér efni framangreinds frumvarps og vilja samtökin koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

SVP gera alvarlega athugasemd varðandi skilgreiningu á skattskyldum aðilum samkvæmt umræddu frumvarpi til laga, sbr. 1. tölul. 2. gr. frumvarpsins. Samkvæmt umræddum tölulíð eru skattskyldir aðilar m.a. váttryggingarfélag og Evrópufélag samkvæmt lögum um váttryggingartarfsemi, nr. 56/2010. Með umræddri tilvísun til laga um váttryggingarstarfsemi er því verið að fella váttryggingarmiðlara undir skattskylda aðila frumvarpsins.

Hvað þetta varðar benda SVP á að mikilvægt er að gerður sé greinarmunur á milli bankastarfsemi annars vegar og váttryggingafyrirtækja hins vegar sem og milli framangreindra aðila og váttryggingarmiðlara. Er með öllu ótækt og ósanngjarn að óbreyttu að fella váttryggingarmiðlara undir sömu skilgreiningu og umrædda aðila, bæði með hliðsjón af umfangi og veltu þessara aðila. Þannig eru váttryggingarmiðlarar fámenn stétt með litla veltu í samanburði við umfang og starfsemi almennra fjármála- og váttryggingarfyrirtækja.

Telja SVP að frumvarpið muni að óbreyttu leggja óeðlilega skattabyrði á smærri aðila sem ekki hafa sömu burði líkt og stærri fyrirtæki til að bregðast við slíkum auknum opinberum álögum. Váttryggingarmiðlarar starfa sem milliliðir og geta ekki velt viðbótar fjarhagslegri byrði út í verðlagið enda er þjónusta þessara aðila viðskiptavinum algjörlega að kostnaðarlausu þar sem hún er greidd af því váttryggingarfélagi sem miðlað er til samkvæmt gildandi þjónustusamningi hverju sinni.

Í ljósi þessa leggja SVP til að sú breyting verði gerð á umræddu frumvarpi til laga að skattskyldan verði sett ákveðin mörk með hliðsjón af árlegri veltu þessara fyrirtækja. Með slíkum lágmarki er unnt að viðhalda skattskyldu á þá aðila sem með sannarlegum hætti eru undirorpnir markmiði frumvarpsins án þess að leggja verulega fjárhagslega byrði á smærri aðila.

Í þessu samhengi vísa SVP á umfjöllun um markmið og tilefni frumvarpsins í athugasemdum við það. Segir m.a. á bls. 6 í frumvarpinu, II. kafli þess, að umræða hafi verið á alþjóðlegum vettvangi undanfarið varðandi aukna skattlagningu á fjármálafyrirtæki. Þá er einnig m.a. vísað

til skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um skattlagningu fjármálafyrirtækja sem gefin var út í júní 2010. Segir svo orðrétt eftirfarandi: „*Meginniðurstaða skýrslunnar er sú að rannsóknir sýni að fjármálafyrirtæki beri hlutfallslega minni skatta en aðrar atvinnugreinar, m.a. vegna undanþágu þeirra frá álagningu virðisaukaskatts.*“

Af gefnu tilefni vilja SVP vísa til umræddrar skýrslu AGS til stuðnings þeirri ábendingu um að verulegur munur er á umfangi og starfsemi váttryggingafyrirtækja, og þá sér í lagi váttryggingarmiðlara, gagnvart starfsemi almenna fjármálafyrirtækja. Þannig segir m.a. á bls. 17 í umræddri skýrslu eftirfarandi: „*Financial institutions differ in how much they contribute to systemic risk and consequently in the potential social costs of their failure. This different contribution should be reflected in the choice of the base to vary by type of financial institution (for example, banks versus insurance companies); and rate to vary within institution type (for example, across different banks) depending on their individual risk profile. The process of setting the rate and base would necessarily entail coordination between the regulatory agencies and the deposit insurance agencies in the case of banks.*“

Samkvæmt framangreindri tilvísun til ummæla AGS í skýrslu sinni er ljóst að sjóðurinn telur að starfsemi annars vegar almennra fjármálafyrirtækja og hins vegar váttryggingarstarfsemi sé í eðli sínu það ólík og því sé að óbreyttu ekki unnt að fella þessa starfsemi undir sama hatt.

Þá leggur AGS til leiðir varðandi skattstofn á bls. 23 í umræddri skýrslu þar sem segir m.a.: „*The base could include profits above a “normal” level and “high” remuneration, in this way targeting rents.*“

Því telja SVP að óvarlegt að rýna eingöngu í niðurstöðu framangreindrar skýrslu AGS án þess að horfa einnig til þeirra úrræða sem þar eru einnig lögð til. Með vísan til þessa telja SVP það ekki óraunhæfa kröfu að skattstofn samkvæmt umræddu frumvarpi til laga verði með einhverjum hætti veltutengdur til að hlífa þeim aðilum þar sem samkeppnisstaða þeirra og rekstrarlegur grundvöllur kynni að versna verulega ef óbreytt frumvarp yrði að lögum.

Þá segir m.a. á bls. 9 í frumvarpinu, IV. kafli þess, að viðbúið er að fjársýsluskattur hafi áhrif á þróun atvinnugreinarinnar í heild. Þannig muni auknar álögur af þessu tagi færa rekstrarumhverfi fyrirtækja í fjármála- og váttryggingastarfsemi nær því sem aðrar greinar atvinnulífsins búa við og eru til þess fallnar að draga úr launahækkunum og halda aftur af nýráðningum. Fjársýsluskattur muni þannig draga úr líkum á óæskilegri þenslu innan greinarinnar. Að þessu má ráða að markmið frumvarpsins er að skattleggja þá sem höfðu mikið fjármagn fyrir fjármálahrunið haustið 2008. Með þessari alhæfingu er um leið verið að ýja að því að hið sama eigi við um starfsemi og framgöngu váttryggingarmiðlara.

Af gefnu tilefni benda SVP á að sjónarmið þessi taka ekki til starfsemi váttryggingarmiðlara sem sannarlega nutu ekki hins svokallaða „góðæris“ fyrir fjármálahrunið 2008 en þurfa hins vegar að taka afleiðingum þess, m.a. þar sem stór hluti veltu þessara aðila var í erlendum gjaldmiðlum.


Með vísan til framanritaðs benda SVP á að þau fyrirtæki sem stunda váttryggingamiðlun hér á landi er fámenn stétt með litla ársveltu. Rekstrarumhverfi þessara aðila hefur einnig erfitt vegna stöðu stærri váttryggingarfyrirtækja á þessum markaði hér á landi. Því er það með öllu óásættanlegt að þessir aðilar þurfi þar að auki að vera undirorpnir þeim auknu opinberu

álögum sem lagðar eru til umræddu frumvarpi til laga um fjársýsluskatt enda munu þessar álögur að óbreyttu hafa verulega neikvæð áhrif á rekstur og starfsemi þessara aðila.

SVP ítreka þá breytingu á umræddu frumvarpi sem samtökin leggja fram á þá vegu að skattsofn verði ekki eingöngu bundin við þau fyrirtæki sem talin eru upp í 2 . gr. frumvarpsins heldur verði einnig miðað við ákveðna lágmarksársveltu þessara aðila. Með þessari breytingu væri því unnt að varna því að markmið frumvarpsins náist fram en um leið komið í veg fyrir að það leggi ósanngjarna skattbyrði á þá aðila sem slík byrði myndi hafa verulega neikvæð áhrif á starfsemi þeirra.

Að öðru leyti gera SVP ekki frekari athugasemdir við efni framangreinds frumvarps að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
f.h. SVP



Lárus M.K. Ólafsson
lögfræðingur